

Ársuppgjör 1. janúar 2013 til 31. desember 2013

- Hagnaður Spalar ehf eftir skatta fyrir tímabilið 1. janúar 2013 til 31. desember 2013 nam 355 mkr., hagnaður á rekstrarárinu 1. janúar 2012 til 31. desember 2012 nam 238 mkr. Hagnaður Spalar ehf eftir skatta á fjórða ársfjórðungi félagsins sem er 1. október 2013 til 31. desember 2013 nam 38 mkr. en á sama tíma árið á undan nam hagnaður félagsins 9 mkr. Spölur er að fullu í eigu Eignarhaldsfélagsins Spalar hf.
- Greiðslufæðið gefur betri mynd af gangi félagsins þar sem verðbætur vegna vísitöluhækkana lána dreifast til greiðslu fram til loka lánstímans, þ.e. 2018. Greiðslugeta félagsins undanfarin 5 ár hefur verið sterk. Um 629 mkr. (2012:627 mkr.) voru greiddar í afborganir og vexti á tímabilinu og nauðsynlegt umframfjármagn var að auki til staðar 31. desember 2013 eins og lánasamningar gera ráð fyrir.
- Veggjald ársins nam 1.091 mkr. til samanburðar við 1.058 mkr. árið áður sem er 3,1 % hækkun.
- Rekstrarkostnaður Spalar ehf án afskrifta fyrir tímabilið 1. janúar 2013 til 31. desember 2013 nam 329 mkr. og lækkar um tæpar 13 mkr frá árinu áður þegar hann nam 342 mkr. Skýrist þessi lækkun fyrst og fremst af lækkun á tryggingum og aðkeyptri sérfræðipjónustu.
- Afskriftir á árinu námu samtals 120 mkr. og voru á sama tímabili árið áður 116 mkr.
- Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld lækka á milli ára um 47,6 mkr.
- Skuldir Spalar ehf lækka úr 3.821 mkr. þann 31. desember 2012 í 3.473 mkr. þann 31. desember 2013.

Um uppgjörið

Gylfi Þórðarson, framkvæmdastjóri Spalar, segir að umferð og tekjur séu heldur meiri en áætlanir félagsins gerðu ráð fyrir.

Tímabilið frá 1. janúar 2013 til 31. desember 2013 er fimmtánda fjárhagsár félagsins. Á þessu tímabili fóru 1.887 þúsund ökutæki um göngin sem greiddu veggjald sem er um 2,5% aukning frá sama tímabili árið áður. Þessi fjöldi samsvarar því að um 5.171 ökutæki hafi farið um göngin að meðaltali dag hvern. Meðaltekjur fyrir hverja ferð um göngin hafa hækkað.

Nánari upplýsingar veitir Gylfi Þórðarson, framkvæmdastjóri Spalar ehf, í síma 433 5910.

Lykiltölur úr rekstri Spalar ehf. í þúsundum króna

| | 1/1 2013 - 31/12 2013 | 1/1 2012 - 31/12 2012 | 1/10 2010 - 31/12 2011* | 1/10 2009 - 30/9 2010 | 1/10 2008 - 30/9 2009 |
|--|--------------------------|--------------------------|----------------------------|--------------------------|--------------------------|
| Rekstrartekjur | | | | | |
| Veggjald | 1.091.241 | 1.057.930 | 1.208.746 | 975.430 | 920.352 |
| Rekstrargjöld | | | | | |
| Viðhald og rekstur ganga | 185.126 | 194.286 | 204.587 | 149.250 | 142.292 |
| Rannsóknarkostnaður nýrra gangna..... | 0 | 0 | 0 | 1.471 | 1.308 |
| Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður | 139.435 | 143.567 | 155.875 | 123.441 | 115.326 |
| Tapaðar kröfur..... | 4.208 | 4.197 | 6.544 | 7.112 | 2.715 |
| Afskriftir | 119.763 | 115.851 | 144.299 | 113.930 | 231.754 |
| | 448.532 | 457.901 | 511.305 | 395.204 | 493.395 |
| Rekstrarhagnaður | 642.709 | 600.029 | 697.441 | 580.226 | 426.957 |
| Fjármunatekjur- og (fjármagnsgjöld) | -198.806 | -246.372 | -327.235 | -275.218 | -601.288 |
| Hagnaður (tap) fyrir skatta | 443.903 | 353.658 | 370.207 | 305.009 | -174.330 |
| Tekjuskattur | -88.781 | -115.569 | -89.543 | -69.004 | 45.482 |
| Hagnaður (tap) ársins | 355.123 | 238.088 | 280.663 | 236.004 | -128.848 |

*Uppgjörstímabilið er 15 mánuður



| | 31/12 2013 | 31/12 2012 | 31/12 2011 | 30/9 2010 | 30/9 2009 | 30/9 2008 |
|--------------------------|------------|------------|------------|-----------|-----------|-----------|
| Eignir samtals | 4.687.492 | 4.724.034 | 4.793.775 | 4.704.551 | 4.691.551 | 4.843.600 |
| Eigið fé | 1.214.589 | 903.467 | 714.379 | 474.715 | 278.711 | 450.559 |
| Skuldir samtals | 3.472.903 | 3.820.567 | 4.079.396 | 4.229.836 | 4.412.840 | 4.393.041 |
| Veltufjárhlutfall | 0,48 | 0,54 | 0,57 | 0,75 | 0,68 | 0,63 |
| Eiginfjárhlutfall | 25,91% | 19,12% | 14,90% | 10,09% | 5,94% | 9,30% |

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið samþykktir af EB.

Rekstrarreikningur

Hagnaður ársins nam 355 mkr. og fyrir sama tímabil árið áður var hagnaður félagsins 238 mkr.

Rekstrarhagnaður ársins fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld nam 643 mkr. fyrir sama tímabil árið áður nam hagnaðurinn 600 mkr.

Tekjur

Veggjald á árinu nam 1.091 mkr. samanborið við 1.058 mkr. árið áður og hækkar því um 3,1%. Hækkunina má rekja til aukningar á umferð á árinu 2013.

Gjöld

Rekstrarkostnaður félagsins án afskrifta á árinu var 329 mkr. kostnaðurinn lækkar um 4% frá sama tímabili árið áður þegar hann nam 342 mkr.

Rekstrarkostnaður án afskrifta á fjórða ársfjórðungi nam 91 mkr. og lækkar um 10 mkr. frá sama ársfjórðungi árið áður þegar hann var 101 mkr.

Afskriftir

Afskriftir á tímabilinu voru 120 mkr. fyrir sama tímabil árið áður voru afskriftir 116 mkr.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Á tímabilinu voru fjármunatekjur og fjármagnsgjöld 199 mkr og lækka um 19% frá sama tímabili árinu áður þegar þau voru 246 mkr. Lækkunina má að mestu leyti rekja til minni hækkunar á neysliverðsvísitölu milli ára.

Efnahagsreikningur

Eignir

Heildareignir Spalar ehf 31. desember 2013 voru 4.687 mkr. Þann 31. desember 2012 námu þær 4.724 mkr. eignir félagsins hafa því lækkað um 37 mkr.



Eigið fé og skuldir

Eigið fé Spalar er 1.215 mkr. og hækkar um 311 mkr. frá 31. desember 2012.

Skuldir félagsins námu 3.473 mkr. 31. desember 2013 og lækka þær um 348 mkr. frá 31. desember 2012. Þessi lækkun skýrist að stærstum hluta til af afborgunum langtímalána.

Sjóðstreymi

Handbært fé frá rekstri var 805 mkr. á tímabilinu 1. janúar 2013 til 31. desember 2013 en fyrir sama tímabil árið áður var handbært fé frá rekstri 776 mkr.

Handbært fé stendur í 229 mkr. í lok desember 2013.

Þróun rekstrar

Hér á eftir má sjá afkomu rekstrar og þróun hans á milli ársfjórðunga frá 1. október 2012 til 31. desember 2013.

Ársfjórðungsyfirlit í þúsundum króna

| | 4. ársfj. 1/10 13 - 31/12 13 | 3. ársfj. 1/7 13 - 30/9 13 | 2. ársfj. 1/4 13 - 30/6 13 | 1. ársfj. 1/1 13 - 31/3 13 | 4. ársfj. 1/10 12 - 31/12 12 |
|---|------------------------------------|----------------------------------|----------------------------------|----------------------------------|------------------------------------|
| Veggjald | 212.164 | 371.568 | 303.800 | 203.709 | 205.838 |
| Viðhald og rekstur ganga | -51.995 | -31.818 | -55.335 | -45.978 | -60.429 |
| Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður | -37.034 | -28.630 | -37.797 | -35.973 | -38.975 |
| Tapaðar kröfur..... | -2.139 | 107 | -940 | -1.236 | -1.202 |
| Rekstrarhagn. f. afskriftir (EBITDA) | 120.996 | 311.227 | 209.729 | 120.522 | 105.232 |
| Afskriftir..... | -30.570 | -30.301 | -29.840 | -29.051 | -29.177 |
| Rekstrarhagnaður (EBIT) | 90.426 | 280.925 | 179.888 | 91.471 | 76.055 |
| Fjárm.tekjur- og (fjárm.gjöld) - nettó | -42.433 | -35.822 | -42.568 | -77.983 | -55.098 |
| Hagnaður (tap) fyrir skatta | 47.993 | 245.103 | 137.320 | 13.488 | 20.957 |
| Tekjuskattur | -9.599 | -49.021 | -27.464 | -2.698 | -11.810 |
| Hagnaður (tap) ársfjórðungs | 38.394 | 196.082 | 109.856 | 10.790 | 9.147 |

Rekstrarhorfur og framtíðarsýn

Gert er ráð fyrir að umferð og afkoma á næsta rekstrarári verði svipuð og 2013.

Endurskoðun

Ársuppgjörin hefur verið endurskoðað af endurskoðendum félagsins, PricewaterhouseCoopers ehf. Stjórn og framkvæmdastjóri Spalar ehf hafa í dag samþykkt ársreikning félagsins fyrir árið 2013.